



**Blokkflautusveit Tónlistarskóla Árnésinga**

ásamt kennurunum Helgu Sighvatsdóttur og Ingibjörgu Birgisdóttur

í námsferð til Hollands í júní 2017



• *Gerum góðan skóla betri* •

*Október 2017*

## Efnisyfirlit

Ársskýrsla Tónlistarskóla Árnésinga október 2017.....	4
Inngangur .....	4
Veturinn 2016 – 2017 .....	7
Próf veturinn 2016 – 2017 .....	7
Viðurkenningar fyrir ástundun og framfarir 2016 – 2017 .....	7
Tónleikahald 2016 - 2017 .....	7
Dagur tónlistarskólanna 11. febrúar – val fyrir Nótutónleika .....	7
Kristín Viðja á lokatónleikum Nótunnar í Hörpu 2. apríl .....	8
Þematónleikar 2. maí .....	8
Óperan Gilitrutt 17. og 18. maí .....	8
Próunarverkefni vorönn 2017 - forskólinn .....	8
Hollandsferð eldri blokkflautusveitar júní 2017 .....	8
Veturinn 2017 – 2018 .....	9
Skóladagatal, kennsluskylda og skólagjöld .....	9
Skipurit fyrir Tónlistarskóla Árnésinga 2017 – 2018 .....	9
Fjöldi nemenda 2017 – 2018 / biðlistinn .....	10
Kennarar 2017 – 2018 .....	10
Kennlustaðir 2017 – 2018 .....	10
Tónleikahald og aðrir viðburðir veturinn 2017 – 2018 .....	11
Próunarverkefni veturinn 2017 – 2018 .....	12
Forskóla-hljóðfærakynningar .....	12
Móttaka nýnema .....	12
Áætlun 2018 .....	12
Skýrslur deildarstjóra maí 2017 .....	13
Blásaradeild .....	13
Blokkflautudeild .....	14
Forskóladeild .....	15
Gítardeild .....	17
Kammerdeild .....	18
Píanódeild .....	19
Rytmísk deild .....	20
Strengjadeild .....	20
Suzukideild .....	21
Söngdeild .....	23

Tónfræðideild.....	24
Fylgiskjal A - Skóladagatal.....	25
Fylgiskjal B - Hljóðfærakynningar í 2. bekk.....	25
Fylgiskjal C – Stigspróf 2013 - 2017 .....	25
Fylgiskjal D – Fjöldi kenndra klst.....	25
Fylgiskjal E – Nemendafjöldi 1995 - 2017.....	25
Fylgiskjal F – Fjöldi nemenda eftir hljóðfærahópum .....	25
Fylgiskjal G – Nemendafjöldi í hverjum námsáfangi - hlutfall .....	25
Fylgiskjal H - Hlutfall nemenda eftir kyni.....	25
Fylgiskjal I – Aldursskipting nemenda í einkatímum .....	25
Fylgiskjal J – Hlutfall nemenda í heilu og hálfu námi.....	25
Fylgiskjal K – Hefðbundið nám/Suzukinám – heilt/hálft - hlutfall .....	25
Fylgiskjal L – Nemendalisti til Jöfnunarsjóðs okt. 2017 .....	25
Fylgiskjal M – Hlutfall nemenda í tónlistarnámi .....	25
Fylgiskjal N - Kennaralisti.....	25
Fylgiskjal O - Kynjahlutfall kennara.....	25
Fylgiskjal P - Starfshlutfall kennara eftir kyni .....	25
Fylgiskjal Q – Skólagjöld 2017 - 2018 .....	25
Fylgiskjal R – úr Ársreikningi 2016 .....	25
Fylgiskjal S – 6 mán. uppgjör 2017 .....	25
Fylgiskjal T – Fjöldi nemenda og klst. október 2017.....	25
Fylgiskjal U – Áætlun 2018 .....	25
Fylgiskjal V – Kostnaðarskipting sveitarfélaga 2018.....	25
Fylgiskjal X – Söngur Tónlistarskólans .....	25

# Ársskýrsla Tónlistarskóla Árnesinga október 2017

## Inngangur

Mig langar til að vera svolítið sjálfhverfur í inngangi mínum að þessu sinni, þar sem þetta er í síðasta sinn sem ég kem fram á fundi Héraðsnefndar Árnesinga sem skólustjóri Tónlistarskóla Árnesinga. Í tilefni af þessum tímamótum langar mig að líta yfir farinn veg sl. 17 ár. Í desember 2000 lagði ég fram í marglitu plaggi, áætlun fyrir skólann. Þar listuðum við Helga Sighvatsdóttir aðstoðarskólustjóri upp hverju við hefðum áorkað frá því í ágúst það sama ár, hvað væri í vinnslu þá stundina og að hverju væri stefnt í framtíðinni. Nær allir þessir liðir hafa orðið að veruleika, nema það að koma á tónlistarbraut í Fjölbautaskóla Suðurlands. Vegna breyttra aðstæðna í FSu varð ekki af því, en nemendur fá hins vegar metnar fjölmargar einingar úr tónlistarnámi sínu.

Breytingar sem orðið hafa á þessu tímabili eru dramatískar og í raun er Tónlistarskóli Árnesinga óþekktanlegur frá því sem var. Hafa breytingarnar orðið hvort tveggja vegna utan að komandi þátta jafnt sem og í starfsemi innan skólans.

Után að komandi breytingar:

1. **Nýr kjarasamningur 2001** var vendipunktur að mörgu leiti. Tónlistarskólakennarar fengu stórbætt laun sem voru um leið sambærileg launum annarra kennarastétta í landinu. Þetta var mjög mikilvægt, þar sem tónlistarkennarar hurfu á þessum tíma hver af öðrum úr starfi vegna bágra kjara. Launakjör tónlistarskólakennara héldust í takt við laun annarra kennara næstum því til dagsins í dag. Kjarasamningurinn 2001 breytti um leið starfsramma tónlistarskóla í landinu á ýmsa lund. Hefur það haft margvísleg áhrif á skólastarfið s.s. að geta ráðið millistjórnendur og innkoma launapotts, sem gaf skólustjóra möguleika á að umbuna kennurum fyrir álag og ábyrgð í starfi.
2. **Aðalnámskrá tónlistarskóla** sem kom út árið 2000 færði tónlistarkennslu á Íslandi risastórt skref fram á við. Þó löngu sé orðið tímabært að endurskoða námskrána, hafa gæði tónlistarmenntunar batnað mikið í landinu með tilkomu hennar. Þó hefðbundin klassísk tónlistarmenntun sé enn mjög leiðandi, leyfist okkur líka að þróa aðrar leiðir. Nú er m.a. komin rytmísk námskrá þar sem unnið er með aðra tónlistarstíla en þá klassísku. Aðalnámskrá tónlistarskóla kallar á mun meira samspili en áður var og við höfum möguleika á að aðlaga okkur að áhugasviði hvers nemanda. Það er von mín að menntamálaráðuneytið finni fljótt fé og tíma til að endurskoða Aðalnámskrá tónlistarskóla áður en hún verður of úrelt. Hættan er sú að einhverjir tónlistarskólar nýti sér drátt á endurskoðun sem afsökun til að falla aftur í gamla úrelta farið sem var.
3. **Nýtt prófakerfi tónlistarskóla** sem fór af stað árið 2002 (í framhaldi af útgáfu Aðalnámskrár tónlistarskóla) var mikilvæg breyting til batnaðar. Í staðinn fyrir „jólasveinakerfi“ sem var við líði fyrir árið 2000 kom prófakerfi þar sem nemendur njóta jafnréttis hvar sem þeir búa á landinu, en sömu prófdómarar dæma um allt land. Þetta hefur styrkt sérlega landsbyggðarnemendur. Árlega taka innan skólans um 220 nemendur samræmd áfangapróf, innanskóla stigspróf og Suzukipróf. Þó próf séu ekki aðalatriði tónlistarmenntunar eru þau tilvalin til markmiðssetningar fyrir flesta nemendur skólans. Allt það sem eykur jafnrétti til tónlistarnáms tel ég til mikilla bóta og hugsa ég þá sérstaklega til þeirra nemenda sem búa vítt og breytt um landið.

Breytingar innan skólans:

4. **Kennsluhúsnæði** skólans hefur tekið stakkaskiptum frá því sem var og eiga sveitarfélögin hrós skilið fyrir þá bót sem orðið hefur. Ég heyrði eitt sinn grín um, að skóla í Þýskalandi vanti nýja byggingu, ritara, tölvu og skjávarpa til að kenna stærðfræði, en í Rússlandi væri nóg að eiga blað og blýant. Að það þurfi aðeins blað og blýant eru „falsfréttir“ því gæði húsnæðis hefur mikil áhrif á gæði kennslunnar. Vandað og vel búið húsnæði þar sem er nægt rými, gefur möguleika á sveigjanleika í kennslustíl, það sýnir nemendum og kennurum að tónlistarnámið skipti máli, sé verðmætt og í háum gæðaflokki. Auk þessa sjá foreldrar (bæði núverandi og tilvonanadi íbúar) að listir séu metnar að verðleikum í okkar samfélagi.
  5. Það að geta ráðið **millistjórnendur** til starfa innan skólans (skv. kjarasamningi) tel ég hafa verið mikilvægt skref í uppbyggingu skólans. Tvennt vil ég nefna í því sambandi, þ.e. að kennarar eiga þar með möguleika á starfsframa innan skólans, sem og það að reynslumiklir kennarar geta tekið þátt í stjórn- og þróun skólans. Fyrir Tónlistarskóla Árneseinga hefur aðkoma millistjórnenda átt þátt í að sameina kennarana faglega í okkar dreifða skóla. Í dag starfa sex deildarstjórar við skólann og stýra eftirtöldum deildum: Blásaradeild, tónfræðideild, píanódeild, strengja- og Suzukideild, gítar- og rytmísk deild og söng- og kammertónlistardeild.
  6. **Nýir kennarar.** Sl. 10 ár hefur menntunarstig kennara, sem sótt hafa um kennslu við skólann, stórlega batnað. Umsækjendur í dag eru flestir ungir, fullmenntaðir tónlistarmenn sem hafa áhuga á kennslu. Tilfinningin er ekki sú að tónlistarkennslan sé eitthvað annars flokks sem maður gerir þegar maður hefur ekki nóg að gera sem tónlistarflytjandi.
  7. **Tengsl við grunnskóla** sýslunnar hafa styrkst á sl. 17 árum. Það skiptir miklu máli að tónlist sé metin sem eðlilegur og sjálfsagður hluti menntunar, því tónlistarmenntun er ekki aðeins góð út af fyrir sig og nemendum til ánægju og yndisauka. Tónlistarnámi fylgir ýmislegt fleira sem getur yfirfærst á önnur fög s.s. þjálfun í sjálfsaga og kunnátta í góðri líkamsbeitingu. Það var sérstaklega ánægjulegt á skólaslitum á Selfossi sl. vor þegar einn grunnskólakennaranna kom til mín og sagði mér hvað hann var glaður að sjá sérstaklega erfiðan nemanda koma fram á faglegan hátt og fá jákvæða athygli fyrir jákvæða hegðun.
- Ef nýr grunnskóli verður byggður á Selfossi er mikilvægt að muna eftir tónlistarstofum innan grunnskólans eins og gert var þegar Sunnulækjarskóli var byggður. Ef nýr grunnskóli léttir álagi af Vallaskóla væri gott að huga að tónlistarkennsluáðstöðu þar.
8. **Suzukikennsla.** Þegar ég tók við stjórn skólans árið 2000 hafði Guðmundur Pálsson fiðlukennari þá þegar sáð mikilvægu fræi með Suzuki-kennslu á fiðlu um nokkurra ára bil. Þetta fræ hefur spírað ríkulega og vaxið og blómstrað sl. ár, því núna kenna átta kennarar samkvæmt Suzuki-kennsluáðferðinni á sex mismunandi hljóðfæri. Hefðbundin kennsla er mjög góð og ekki má gleyma að allir núverandi kennarar

skólans hafa gengið í gegnum hefðbundið tónlistarnám. En Suzuki-kennsluaðferðin hefur sannað sig sem sérlega virk kennsluaðferð fyrir kornunga nemendur á leikskólaaldri og 6 – 7 ára hafa þeir strax náð athyglisverðum árangri. Langtímaáhrif þessarar kennsluaðferðar skila sér í að mun fleiri nemendur ná að ljúka námi (framhaldsstigi) við tónlistarskólann.

9. **Páttaka foreldra.** Með hliðsjón af þátttöku foreldra í tónlistarmenntun barna sinna samkvæmt Suzuki-aðferðinni, leggjum við nú meiri áherslu á hlutverk foreldra í tónlistarmenntun barna í hefðbundnu námi. Það hefur sannað sig að því meiri sem þátttaka foreldrar er og stuðningur við tónlistarnám barnanna, því lengra ná nemendur og gæðin verða meiri.
  
10. Við höfum náð að skapa skýran **ramma** um starfsemi tónlistarskólans með starfsáætlunum og viðbrögðum við ýmsum daglegum verkefnum. Kennarar, nemendur og foreldrar vita að hverju þeir ganga og við hverju má búast af stjórnendum. Allir vita að ákvarðanir stjórnenda eru teknar með jafnrétti að leiðarljósi og að lögum og reglum er fylgt í hvívetna. Teljum við það veita öllum hlutaðeigandi öryggi.  
  
Með skýrum starfsramma fæst starfsöryggi og kennarar geta notið sín í að þróa hæfileika sína og sérþekkingu fullir sjálfstrausts í umhverfi sem styður þá. Hef ég þá tilfinningu að allt þetta til samans hafi skapað góðan starfsanda við skólann.
  
11. Að lokum langar mig að benda á tvö atriði sem hafa hjálpað Tónlistarskóla Árnésinga til að ná þeim stað sem hann er á í dag.
  - a. Skólinn hefur notið **stuðnings** héraðsnefndar og allra sveitarfélaga sýslunnar. Með þessum stuðningi og áhuga hefur skólinn fengið tækifæri til að þroskast og blómstra, þrátt fyrir efnahagskreppuna 2008.
  - b. Kennarar skólans eiga hrós skilið fyrir **gæðakennslu**. Þeir eru faglegir í sínum störfum, metnaðarfullir, áhugasamir um menntun, vinna vel saman og styðja hver annan í starfi. Þegar þessir þættir leggjast saman verður til jákvætt og gott andrúmsloft sem veitir starfsánægju og er ófæð það sem glæðir tónlistarkennsluna þeim gæðum sem tónlistarskólinn getur boðið í dag.

*Selfossi, 5. október 2017,*

*Róbert A. Darling*



## Veturinn 2016 – 2017

### Próf veturinn 2016 – 2017

Veturinn 2016 – 2017 luku 223 nemendur stigsprófum. Þar af luku 48 nemendur samræmdum áfangaprófum samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Tveir nemendur luku framhaldsprófi í vor, ásamt tilheyrandi tónleikum. Það voru Kristín Jóhanna Dudziak Glúmsdóttir á blokkflautu og Jóhanna Rut Gunnarsdóttir á fiðlu. (Fylgiskjal C - Stigspróf 2013 – 2017).

### Viðurkenningar fyrir ástundun og framfarir 2016 – 2017

Eftirtaldir nemendur fengu viðurkenningarskjal ásamt gjafabréfi í nótnabúð frá kvenfélögum í sýslunni eða tónlistarskólanum:

Damian Józefik	Flúðir	Píanó
Natalía Rut Einarsdóttir	Hveragerði	Píanó/klarínetta
Sólrún Njarðardóttir	Hveragerði	Fiðla
Sigurhanna Björg Hjartardóttir	Hveragerði	Söngur
Ásta Dís Ingimarsdóttir	Flóahreppur	Píanó
Hanna Dóra Höskuldsdóttir	Flóahreppur	Þverflauta
Thelma Eir Ólafsdóttir	Stokkse./Eyrarb.	Píanó
Arnór Daði Brynjarsson	Þorlákshöfn	Horn
Snæfríður Sól Árnadóttir	Þorlákshöfn	Trompet
Júlía Lis Svansdóttir	Þorlákshöfn	Píanó
Álfrún Diljá Kristínardóttir	Selfoss	Klarínetta
Grímur Chunkuo Ólafsson	Selfoss	Píanó
Guðjón Leó Tyrfingsson	Selfoss	Túba
Ágúst Ingi Sigurðsson	Selfoss	Slagverk

### Tónleikahald 2016 - 2017

Tónleikahald var með nokkuð hefðbundnu sniði veturinn 2016 – 2017. Hæst bar að vanda deildatónleika í nóvember, jólaspilamennsku í desember, mikla dagskrá í tilefni Dags tónlistarskólanna 11. febrúar, tónleika Nótunnar í Salnum Kópavogi og í Hörpu í mars, flutning á Óperunni Gilitrutt í maí og skólaslit á öllum kennslustöðum í maí. Auk þessara tónleika komu nemendur fram á fjölmörgum smærri viðburðum. Hér verður stiklað á helstu viðburðum vetrarins.

### Dagur tónlistarskólanna 11. febrúar – val fyrir Nótutónleika

Dagur tónlistarskólanna 11. febrúar, var sérlega skemmtilegur í Tónlistarskóla Árnesinga. Fjöldi nemenda kom fram á sjö svæðistónleikum sem dreifðust um alla sýslu.

Á þessum tónleikum völdust eftirtaldir nemendur til þátttöku í NÓTUNNI í Salnum í Kópavogi 19. mars, en það voru einleikararnir Kristín Viðja Vernharðsdóttir á blokkflautu, Margrét Guangbing Hu á píanó og Agnes Björg Birgisdóttir á blokkflautu. Sexhent á píanó léku: Anna Birta Jóhannsdóttir, Edda Guðrún Arnórsdóttir og Þrándur Ingvarsson. Slagverkstríó skipuðu svo: Samúel Guðmundsson, Hjörleifur Snær Arnarsson og Bjarki Elvar Bryndísarson.

Allir stóðu nemendur sig einstaklega vel á svæðistónleikunum í Kópavogi og einn nemandanna, Kristín Viðja, komst alla leið á lokatónleika Nótunnar í Hörpu.

### Kristín Viðja á lokatónleikum Nótunnar í Hörpu 2. apríl

Flytjendur á lokatónleikum Nótunnar komu alls staðar að af landinu. Dagskrá tónleikanna var mjög fjölbreytt og skemmtileg og flytjendur, stórir sem smáir, stóðu sig einstaklega vel.

24 atriði kepptu um Nótuna, en 10 atriði fengu sérstaka viðurkenningu fyrir framúrskarandi flutning, þ.á.m. Kristín Viðja Vernharðsdóttir fyrir flutning sinn á sönötu eftir Händel á blokkflautu, við undirleik Einars Bjarts Egilssonar.

### Þematónleikar 2. maí

Þema vetrarins 2016 - 2017 var *Kventónskáld* og litaði það tónleikahaldið mjög skemmtilega allan veturinn. Kventónskáld voru svo viðfangsefni sérstakra þematónleika sem haldnir voru 2. maí, en þar mátti heyra tónverk sem mörg hver hafa ekki oft heyrst á tónleikum.

### Óperan Gilitrutt 17. og 18. maí

Í tilefni af þema vetrarins, var Óperan Gilitrutt eftir Þórunni Guðmundsdóttur tekin til æfingar og flutt á tvennum tónleikum í maí á Selfossi og í Hveragerði. Þar leiddu saman hesta sína söng-, strengja- og blásarnemendur skólans í mjög gefandi og lærdómsríku samstarfi.

### Þróunarverkefni vorönn 2017 - forskólinn

Nýtt fyrirkomulag var reynt á forskólakennslu í sýslunni. Voru allir 2. bekkir grunnskóla sýslunnar heimsóttir með hljóðfærakynningar, en deildarstjórar og kennarar sáu um kynningarnar. Hver bekkjardeild fékk fjórar heimsóknir á vorönn, þar sem nemendur voru fræddir um öll hin ólíku hljóðfæri sem tónlistarskólinn býður uppá, þeir fengu að heyra leikna tónlist á öll hljóðfærin og síðast en ekki síst fengu nemendur að prófa hljóðfærin. Reynsla þessara heimsókna var mjög jákvæð og höfðu bæði nemendur og kennarar mikla ánægju af verkefninu.

### Hollandsferð eldri blokkflautusveitar júní 2017

Eldri blokkflautusveit Tónlistarskóla Árnesinga fór í fimm daga námsferð til Hollands í byrjun júní. Hópin skipuðu 12 nemendur, 6 foreldrar og 2 kennarar. Ferðin var mjög skemmtileg og fræðandi og nemendur afskaplega áhugasamir og duglegir. Í Amsterdam fengu nemendur meistaranámskeið og hlýddu á tónleika í tónlistarháskólanum (Conservatorium van Amsterdam), þeir heimsóttu verkstæði Adrian Brown blokkflautusmiðs og fóru í siglingu um kanala borgarinnar. Í Utrecht spilaði blokkflautusveitin á torgum, fór í blokkflautubúð, skoðaði skemmtilegt klukkuspilasafn, kleif klukkuturninn þar sem blokkflautuleikarinn van Eyck starfaði um aldamótin 1400 og fór á tónleika í dómkirkjunni. Skoðaðar voru kastalarústir í Dordrecht þar sem elsta varðveitta blokkflautan fannst og farið í skemmtigarðinn Efteling í Kaatsheuvel. Á milli dagskrárliða fengu svo allir tækifæri til að skoða sig um og skreppa í búðir.



## Veturinn 2017 – 2018

### Skóladagatal, kennsluskylda og skólagjöld

Skólaárið 2017 – 2018 hófst 21. ágúst með fimm starfsdögum kennara, en kennsla hófst 28. ágúst. Skólaárinu lýkur með skólaslitum 28. maí 2018 og þremur starfsdögum 29. – 31. maí. Starfsdagar á kennslutímabilinu eru þrír. Haustfrí er tekið 12. - 16. október. Kennsludagar eru 175 og kennsluskylda 20,57 klst./viku.

(Fylgiskjal A - Skóladagatal 2017 – 2018)

(Fylgiskjal Q - Skólagjöld 2017 – 2018)

(Fylgiskjal R – bls. 5 úr Ársreikningi 2016)

(Fylgiskjal S – bls. 5 úr 6 mán. uppgjör 2017)

---

### Skipurit fyrir Tónlistarskóla Árnesinga 2017 – 2018

*Héraðsnefnd Árnesinga bs.:* Fulltrúi frá hverju sveitarfélagi

*Framkvæmdastjórn:* Fimm fulltrúar Héraðsnefndar

*Fagráð Tónlistarsk. Árn.:* Halldóra Hjörleifsdóttir, formaður  
Sandra Dís Hafþórsdóttir, ritari  
Ágústa Ragnarsdóttir, varaformaður

*Skólastjóri:* Róbert A. Darling

*Aðstoðarskólastjóri:* Helga Sighvatsdóttir

*Skólaritari:* Ragnhildur Magnúsdóttir

*Deildarstjórar 2015-2017:*

Jóhann I. Stefánsson	Blásaradeild + almenn stjórnun
Miklós Dalmay	Píanódeild
Edit Anna Molnár	Tónfræðadeild + forskóli
María Weiss	Strengjadeild + Suzukideild
Margrét S. Stefánsdóttir	Söngdeild + kammerdeild
Vignir Ólafsson	Rytmísk deild + gítardeild

- Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjórar eru ráðnir samkvæmt kjarasamningi, en deildarstjórar til tveggja ára í senn. Vegna skólastjóraskipta í janúar 2018 var ákveðið að deildarstjórar sætu einn vetur til viðbótar og nýr skólastjóri styrði stjórnunartímum.

### *Umsjónarmenn kennslustaða*

-getur breyst milli ára, fá úthlutað úr launapotti vegna ábyrgðar.

-hlutverk þeirra er að vera tengiliður skólans við samfélagið á hverjum stað, halda utan um tónleikahald á svæðinu og fylgjast með öryggismálum vegna húsnæðis.

### *Umsjónamenn kennslustaða veturinn 2017-2018:*

Flóaskóli	Kolbrún Berglind Grétarsdóttir
Flúðir/Þjórsárskóli	Magnea Gunnarsdóttir
Hveragerði	Guðmundur Kristmundsson
Reykholt	Loftur Erlingsson
Stokkseyri/Eyrarbakki	Ólöf Jónsdóttir (í leyfi Ingibjargar Birgisdóttur)
Þorlákshöfn	Gestur Áskelsson

## Fjöldi nemenda 2017 – 2018 / biðlistinn

Í ár stunda 490 nemendur nám við skólann í einkatímum. Þar af eru 106 nýnemar. Forskólanám á vegum Tónlistarskólans fá rúmlega 230 nemendur í 2. bekk grunnskóla í Árnassýslu.

Á biðlista eru 80 nöfn sem skiptast þannig skv. fyrsta vali:

Skeiða- og Gnúpverjahreppur: 2 (1 x Suzuki-píanó, 1 x Suzuki-fiðla)

Hveragerði: 6 (3 x píanó, 2 x Suzuki-gítar, 1 x trommur)

Ölfus: 9 (4 x gítar, 3 x píanó, 1 x Suzuki-píanó, 1 x saxófónn)

Bláskógabyggð: 9 (4 x blokkflauta, 2 x píanó, 1 x Suzuki-píanó, 1 x fiðla, 1 x tromma)

Árborg: 54 (22 x gítar, 3 x rafgítar, 8 x trommur, 6 x píanó, 5 x fiðla, 2 x Suzuki-fiðla, 1 x Suzuki-víola, 2 x selló, 2 x kornett, 1 x blokkflauta, saxófónn og kontrabassi).

Nánari upplýsingar um fjölda nemenda og fl. má sjá í meðfylgjandi fylgiskjölum.

(Fylgiskjal D - Fjöldi kenndra klst.)

(Fylgiskjal E - Nemendafjöldi 1996 – 2017)

(Fylgiskjal F - Fjöldi nemenda eftir hljóðfærahópum)

(Fylgiskjal G - Nemendafjöldi í hverjum námsáfangi - hlutfall)

(Fylgiskjal H - Hlutfall nemenda eftir kyni)

(Fylgiskjal I - Aldursskipting nemenda í einkatímum)

(Fylgiskjal J - Hlutfall nemenda í heilu og hálfu námi)

(Fylgiskjal K - Hefðbundið nám/Suzukinám – heilt/hálft 2013 – 2017 - hlutfall)

(Fylgiskjal L - Nemendalisti til Jöfnunarsjóðs okt. 2017)

(Fylgiskjal M - Hlutfall nemenda í tónlistarnámi)

(Fylgiskjal T - Fjöldi nemenda og klukkustunda október 2017)

## Kennarar 2017 – 2018

Lítill breyting er á starfslíði skólans í vetur. Ingibjörg Birgisdóttir blokkflautukennari er í ársleyfi, en þær Kristín Jóhanna Dudziak og Ragnheiður Haraldsdóttir leysa hana af í vetur. Ragnheiður er ný í kennarahópnum og bjóðum við hana hjartanlega velkomna til starfa.

Páll Sigurðsson málmblasturskennari, sem kennt hefur stundakennslu sl. tvö ár, hefur látið af störfum vegna annarra starfa. Við þökkum honum innilega fyrir mjög gott starf á liðnum árum.

Í vetur starfa 30 kennarar við skólann í um 27,28 stöðugildum.

(Fylgiskjal N - Kennaralisti)

(Fylgiskjal O - Kynjahlutfall kennara)

(Fylgiskjal P - Starfshlutfall kennara eftir kyni)

## Kennslustaðir 2017 – 2018

Kennslustaðir eru þeir sömu og sl. vetur að viðbætti kennsluáðstöðu í Samfylkingarsalnum á Selfossi.

Árborg: Eyravegur 9, Selfossi

Árborg: Sunnulækjarskóli, Selfossi

Árborg: Samfylkingarsalurinn, Eyravegi 15 Selfossi

Árborg: Félagsheimilið Staður, Eyrarbakka

Árborg: Barnaskólinn á Stokkseyri

Bláskógabyggð: Grunnskólinn Reykholti

Bláskógabyggð: Grunnskólinn Laugarvatni

Flóahreppur: Flóaskóli  
Grímsnes- og Grafningshreppur: Kerhólsskóli  
Hrunamannahreppur: Flúðaskóli  
Hveragerði: Grunnskólinn í Hveragerði  
Skeiða- og Gnúpverjahreppur: Þjórskárskóli  
Ölfus: Grunnskólinn í Þorlákshöfn

## Tónleikahald og aðrir viðburðir veturinn 2017 – 2018

Stærstu viðburðir vetrarins:

- Deildatónleikar verða í nóvember sem hér segir:
  - Blásaradeildartónleikar – mánud. 13. nóv. kl. 18:00 í Ráðhúsinu Þorlákshöfn
  - Blokkflautudeildartónleikar – þriðjud. 14. nóv. kl. 18:15 í sal skólans Eyra­vegi 9, Selfossi
  - Strengjadeildartónleikar – miðvikud. 15. nóv. kl. 18:00 í Þorlák­skirkju
  - Gítardeildartónleikar - fimmtud. 16. nóv. kl. 18:00 í Ráðhúsinu Þorlákshöfn
  - Ryt­mískir deildartónleikar – fimmtud. 23. nóv. kl. 18.30 í sal skólans Eyra­vegi 9, Selfossi
  - Píanódeildartónleikar – mánud. 20. nóv. kl. 18:00 í Aratungu
  - Söngdeildartónleikar – þriðjud. 21. nóv. kl. 18:00 í Hveragerðiskirkju
- Hausttónleikar skólans verða vikuna 25. nóvember til 2. desember. Á þessum tónleikum koma allir nemendur skólans fram hjá sínum kennurum.
- Árlegt jólaball Suzukideildar verður haldið miðvikud. 6. des. kl. 17:00 í Sunn­ulækjarskóla á Selfossi.
- Í desember fara svo nemendurnir út um hvippinn og hvappinn með sínum kennurum að vanda, leika jólalög og aðra fallega tónlist fyrir sveitunga sína um alla sýslu.
- Valtónleikar innan skólans vegna Nótunnar verða haldnir 22. janúar 2018.
- Dagur tónlistarskólanna verður haldinn hátíðlegur laugard. 17. febrúar 2018. Þennan dag verða haldnir sjö svæðisbundnir þematónleikar í sýslunni. Viðfangsefni tónleikanna er *Hafið*.
- Nótan, uppskeruhátíð tónlistarskólanna, 17. – 18. febrúar í Kópavogi og 4. mars í Hörpu.
- Miðdeildartónleikar, mánud. 5. mars 2018.
- Framhaldsdeildartónleikar, miðvikud. 7. mars 2018.
- Skólaslit verða vikuna 22. – 28. maí 2018.

Aðgangur að tónleikum tónlistarskólans er ókeypis og öllum opinn.

### Tónlistarflutningur á hjúkrunarheimilum

Tónlistarskólanemendur heimsækja hjúkrunarheimili og leikskóla víða um sýsluna. Nýtt samstarfsverkefni Tónlistarskólans og hjúkrunarheimilanna Ljósheima og Fossheima á Selfossi gekk mjög vel sl. vetur, en það fólst í því að nemendur tónlistarskólans mættu einu sinni í mánuði með kennurum og fluttu stutta tónleika fyrir heimilisfólk. Verður þessu verkefni framhaldið í vetur og hófu gítarnemendur leikinn núna í lok september. Deildirnar mæta svo hver af annarri til vors samkvæmt eftirfarandi áætlun:

September – Gítardeild	Febrúar – Blásaradeild
Október – Strengjadeild	Mars – Ryt­mísk deild
Nóvember – Blokkflautudeild	Apríl – Suzukideild
Desember – Píanódeild	Maí – Kammerdeild
Janúar – Söngdeild	

## Próunarverkefni veturinn 2017 – 2018

### Forskóla-hljóðfærakynningar

Forskólaverkefni Tónlistarskólans í 2. bekk grunnskóla Árnessýslu er framhaldið í vetur. Fær hver bekkjardeild sex heimsóknir tónlistarkennara í vetur (þrjár á hvorri önn). Í tilefni þessa tilraunaverkefnis hefur Örlygur Benediktsson, tónskáld og kennari við skólann, samið Söng Tónlistarskólans (lag + texta), sem kynnt hefur verið öllum 2. bekkjar nemendum á fyrstu kynningu vetrarins (fylgiskjal X). Í tilefni af þema vetrarins (sem er *Hafið*), syngja svo allir að auki Hafið bláa hafið á kynningum vetrarins. Verður spennandi að sjá og heyra afrakstur verkefnisins í vor.

(Fylgiskjal B - Hljóðfærakynningar í 2. bekk)

(Fylgiskjal X – Söngur Tónlistarskólans)

### Móttaka nýnema

Gott samstarf kennara og foreldra er grunnur að góðu gengi í tónlistarnámi. Af þeim sökum tókum við upp þá nýbreytni í haust að bjóða foreldrum nýnema í hefðbundnu námi (12 ára og yngri) einum í fyrstu kennslustund. Í þessum tíma fengu foreldrar mikilvægar upplýsingar um skólann og kennsluna og tækifæri til að kynnast tónlistarkennaranum.

Í aðra kennslustund mættu foreldrar með barni sínu og þá voru fyrstu tónlistarskrefin stigin. Vonumst við til að þessi nýjung efli samband okkar við heimilin enn frekar.

---

## Áætlun 2018

Heildarframlög sveitarfélaga til Tónlistarskóla Árnesinga árið 2018 eru áætluð 263.524.669 kr. Ekki er gert ráð fyrir launabreytingum í þessari áætlun, en kjarasamningur FT rennur út 31. mars 2018. Áætlun krefst því endurskoðunar þegar skrifað verður undir nýjan kjarasamning.

Forsendur áætlunar eru:

1. Áætlun gerð á rauntölum janúar - september 2017 og áætlun úr launaforriti fyrir veturinn 2017 - 2018.

2. Kennslustundafjöldi í október 2017, 482 klst.

3. Kjarasamningur FÍH við LS - gildistími 1. ágúst 2015 - 31. mars 2019

4. Kjarasamningur KÍ við LS - gildistími 1. janúar 2017 - **31. mars 2018**

- ATH. Kjarasamningur rennur út á árinu.

- **Áætlun krefst endurskoðunar þegar nýr kjarasamningur við KÍ verður undirritaður.**

(Fylgiskjal U - Áætlun 2018)

(Fylgiskjal V - Kostnaðarskipting sveitarfélaga 2018)

# Skýrslur deildastjóra maí 2017

## Blásaradeild

### Skýrsla maí 2017

*Deildarstjóri:* Jóhann I. Stefánsson

#### *Kennarar:*

Birna Bragadóttir  
Gestur Áskelsson  
Hjörtur B. Hjartarson  
Jóhann I. Stefánsson  
Kolbrún Berglind Grétarsd.  
Páll Sigurðsson  
Róbert Darling  
Sigríður Kjartansdóttir  
Vilhjálmur Ingi Sigurðars.  
Zoltán Szklenár  
Örlygur Benediktsson  
Stefán I. Þórhallsson

#### *Kennslugreinar:*

Þverflauta, klarínetta, saxófónn  
Klarínetta, saxófónn  
Klarínetta, þverflauta, saxófónn  
Trompet, horn, básúna, túba  
Þverflauta  
Trompet, horn, básúna  
Horn  
Þverflauta  
Trompet  
Trompet, horn, básúna  
Klarínetta, saxófónn  
Slagverk

#### *Hljómsveitir og samspil:*

Selfoss	Yngri blásarasveit	Jóhann I. Stefánsson
Selfoss	Eldri blásarasveit	Jóhann I. Stefánsson
Þorlákshöfn	Yngri blásarasveit	Gestur Áskelsson
Þorlákshöfn	Eldri blásarasveit	Gestur Áskelsson

#### *Tónleikahald deildar:*

Blásaradeildartónleikar	14. nóvember 2017
Lúðrasveitamaraþon í Hörpu	15. nóvember 2017
Vortónleikar	26. maí 2017

Nokkrir blásaranemendur tóku þátt í Gilitrutt verkefninu. Birna Bragadóttir og Jóhann Stefánsson mættu á allnokkrar æfingar til aðstoðar.

#### *Tónleikaferðalög og heimsóknir:*

Landsmót SÍSL fyrir C-D sveitir var haldið á Akranesi 3. - 5. febrúar. Um 15 þátttakendur, 1 fararstjóri og Jóhann stjórnandi fóru á mótið. Það var mjög vel heppnað, auk þess að spila talsvert í mismunandi hópum fengu þátttakendur kynningu á kvikmyndatónlist, jóga, æfingatækni og viðhaldi hljóðfæra.

#### *Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir:*

Enn þarf að bæta í hljóðfærakostinn. Í vetur voru keypt tvö klarínnett, tveir trompetar, tvær þverflautur og einn saxófónn. En mikið af blásturshljóðfærunum eru orðin lúin.

#### *Annað:*

Það er sama staða hér og virðist vera um land allt. Það vantar nemendur á blásturshljóðfæri. Vonandi að nýtt skipurit á forskóla skili árangri á því sviði.

---

## Blokkflautudeild Skýrsla maí 2017

### *Kennarar:*

Ingibjörg Birgisdóttir  
Kristín Jóhanna Dudziak Glúmsdóttir  
Helga Sighvatsdóttir  
Hjörtur B. Hjartarson

### *Kennslugreinar:*

Blokkflauta og Suzukiblokkfl.  
Blokkflauta og Suzukiblokkfl.  
Blokkflauta  
Blokkflauta

### *Samspilshópar:*

Selfoss, Blokkflautusveit grunnnám  
Selfoss, Blokkflautusveit mið-/framhnám  
Suzuki-blokkflautuhópar 1 og 2  
Tilfallandi dúettar og tríó sett saman fyrir tiltekna viðburði og tónleika.

### *Stjórnandi:*

Ingibjörg Birgisdóttir  
Helga Sighvatsdóttir  
Ingibjörg Birgisdóttir

### *Tónleikahald deildar:*

Súputónleikar í samstarfi við BES 30. okt. 2016. Umsjón: Ingibjörg

Blokkflautusamspilshópar á Ljósheimum/Fossheimum 20. okt. 2016

Blokkflautudeildartónleikar 15. nóvember 2016. Allir blokkflautunemendur skólans, samspilshóparnir tveir + Suzukihópar + minni samspil + einleikarar.

Haustrónleikar nóvember/desember 2016

Aðventuspilamennska í desember með samspilshópum:

14.12.2016 - Jólatónleikar Söngsveitar Hveragerðis  
15.12.2016 - Blokkflautusveitir í Vallholti Selfossi

Framhaldsprófstónleikar 7.1.2017 Kristín Jóhanna Dudziak Glúmsd. + eldri blokkflautusveit  
Hátíðarfundur Vísinda og styrktarsjóðs 10.1.2017 - Kristín Jóhanna lék á blokkflautu ásamt píanóleikaranum Einari Bjarti Egilssyni.

Dagur tónlistarskólanna

- Selfossi 11.2.2017 - eldri blokkflautusveit + einleikari  
- Þjórsárveri 11.2.2017 – blokkflautunemendur úr Flóahreppi

Miðdeildartónleikar 14.3.2017

Framhaldsdeildartónleikar 15.3.2017

Samkoma eldri borgara Grænumörk 23.3.2017 – yngri og eldri samspilshópar

Þematónleikar (kventónskáld) 2.5.2017 – Eldri blokkflautusveit

Vortónleikar maí 2017

Skólaslit 22. – 24. maí 2017



Að auki:

Nótan – svæðistónleikar í Salnum Kópavogi. Kristín Viðja Vernharðsdóttir lék á blokkflautu (ásamt fjórum öðrum atriðum frá T.Árn.).

Nótan – lokatónleikar í Hörpu. Kristín Viðja Vernharðsdóttir lék tvo kafla úr sönötu eftir Händel. Meðleikur á píanó: Einar Bjartur Egilsson

*Tónleikaferðalög og heimsóknir:*

Eldri blokkflautusveit Tónlistarskóla Árneseinga fer í fimm daga námsferð til Hollands í byrjun júní. Hópin skipa 12 nemendur, 6 foreldrar og 2 kennarar. Á dagskrá er meistaranámskeið, tónleikar, heimsókn á verkstæði blokkflautusmiðs, sigling og klukkuspilasafn, skoðaðar verða sögulegar kastalarústir og farið í skemmtigarðinn Efteling. Umsjón: Helga og Ingibjörg

*Próf – fjöldi áfangaprófa / meðaleinkunn:*

Þrettán nemendur tóku próf á blokkflautu veturinn 2016-2017

Suzukiútskriftir: 3

Forstig: 3

1. stig: 1

2. stig: 2

Grunnpróf: 3

Framhaldspróf: 1

*Námskeið sem kennarar hafa sótt:*

Ingibjörg Birgisdóttir og Kristín Jóhanna Dudziak Glúmsdóttir stunda Suzuki-blokkflautukennaranám.

- Ingibjörg lauk 3. kennslustigi sumar 2016 og heldur áfram námi nk. vetur.
- Kristín Jóhanna lýkur 1. kennslustigi sumar 2017 og heldur áfram námi nk. vetur.

*Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs:*

Ingibjörg Birgisdóttir tekur ársleyfi. Nemendur hennar fara að hluta til Kristínar Jóhönnu Dudziak Glúmsdóttur og viðbótar afleysingakennara.

*Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir:*

\* Fleiri samspilsstofur þyrfti þar sem salur er full nýttur.

---

## Forskóladeild

### Skýrsla maí 2017

*Umsjónarmenn þróunarverkefnis:* Skólastjórnendur Róbert A. Darling og Helga Sighvatsdóttir, en alls komu 20 kennarar til viðbótar að hljóðfærakynningum.

*Kennarar:*

Birna Bragadóttir

Einar Bjartur Egilsson

Ester Ólafsdóttir

Gestur Áskelsson

Guðmundur Kristmundsson

Guðmundur Pálsson

Helga Sighvatsdóttir

*Kennslugreinar:*

Þverflauta

Píanó

Píanó

Tréblástur

Strengir

Strengir

Blokkflautur

Hjörtur B. Hjartarson	Tréblástur
Ingibjörg Birgisdóttir	Blokkflautur
Jóhann I. Stefánsson	Málmlástur
Kolbrún Berglind Grétarsdóttir	Þverflauta
Kristinn Freyr Kristinsson	Gítar
Magnea Gunnarsdóttir	Píanó
María Weiss	Strengir
Miklós Dalmay	Píanó
Róbert A. Darling	Málmlástur
Sigríður Kjartansdóttir	Þverflauta
Stefán I. Þórhallsson	Slagverk
Ulle Hahndorf	Selló
Vignir Ólafsson	Rafgítar og –bassi + gítar
Zoltán Szklenár	Málmlástur
Örlygur Benediktsson	Klarínetta

*Nýjungar á skólaárinu (kennsluhættir, kennslubækur, kennslugögn) og mat á þeim:*  
Haustönn 2016 var nýtt til að skipuleggja nýja nálgun á forskólakennslu í Árnessýslu, þar sem aðal áherslan væri á hljóðfærakynningar.

Skólastjóri hafði samband við alla skólastjóra grunnskólanna og skipulagði fjóra heimsóknartíma í alla 2. bekki grunnskólanna í sýslunni. Alls 64 heimsóknir.

Á vorönn heimsóttu deildarstjórar og kennarar alla bekkina með mismunandi hljóðfæri til kynningar.

Hver tími byggðist upp á kynningu á hljóðfærinu, hljóðfæraleik og loks fengu nemendur að prófa hljóðfærin.

Viðbrögð við verkefninu voru mjög jákvæð. Nemendur voru áhugasamir, kennarar og skólastjórar grunnskólanna tóku vel á móti tónlistarkennurunum og gáfu jákvæða umsögn að því loknu. Tónlistarkennararnir höfðu ánægju af verkefninu.

Mikilvægt er að bekkjarkennarar fylgi alltaf bekkjum á hljóðfærakynningar.

*Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs:*

Á komandi vetri er miðað við að heimsækja hvern bekk sex sinnum yfir veturinn. 3 x fyrir jól og 3 x eftir jól. Alls 96 heimsóknir.

- Yfirumsjón með kynningunum verður í höndum deildarstjóra, sjá áætlun um skipulag (Forskólaplan).

1. Kynningartími - Söngur – lag kynnt, kennt og sungið, sem notað verður í gegnum allar hljóðfærakynningarnar.
2. Píanó-gítar-rytmísk hljóðfæri
3. Strokhljóðfæri
4. Tréblásturshljóðfæri
5. Málmlásturshljóðfæri
6. Upprifjunartími – hljóðfærin sýnd á blaði + kynningalagið sungið o.fl.

*Annað:*

Í haust: Senda bréf til foreldra með upplýsingum um verkefnið.

Fyrir næsta vetur mætti útbúa kynningarefni sem hefur að geyma:

Lag og texta sem sunginn verður og leikinn í kynningunum.

Myndir af hljóðfærunum sem nemendur geta litað og merkt við.

Upplýsingar um hljóðfærin – [www.tonar.is](http://www.tonar.is) – Nám – Kennslugreinar.

Upplýsingar um umsóknir í tónlistarskólann.

Bæklinginn gætu nemendur tekið með sér heim í apríl.

---

## Gítardeild

### Skýrsla maí 2017

*Deildarstjóri:* Vignir Ólafsson

#### *Kennarar :*

Birgít Myschi

Kristinn Freyr Kristinsson

Hjörtur B. Hjartarsson

Gestur Áskelsson

Vignir Ólafsson

#### *Kennslugreinar:*

Klassískur- og Susuki gítar/samspil

Klassískur gítar/samspil

Klassískur gítar / samspil

Klassískur gítar/ samspil

Rafgítar, rafbassi, samspil

#### *Samspilshópar:*

Hveragerði Gítarsamspil

Selfoss Gítarsamspil 1

Selfoss Gítarsamspil 2

Kerhólsskóli Blandaður hópur

Reykholt Gítarsamspil/blandaður

Þorlákshöfn Gítarsamspil

#### *Stjórnandi:*

Kristinn Freyr Kristinsson

Kristinn Freyr Kristinsson

Kristinn Freyr Kristinsson

Hjörtur B. Hjartarsson

Hjörtur B. Hjartarsson

Gestur Áskelsson

#### *Tónleikahald deildar:*

Gítardeildartónleikar 17.11.2016

Haustrónleikar nóvember 2016

Dagur tónlistarskólanna 11.02.2017

Þematónleikar 2.05.2017

Vortónleikar maí 2017

Suzuki gítarkennaranámskeið 14.05.2017

Skólaslit maí 2017

#### *Tónleikaferðalög og heimsóknir:*

Gítarleikur Leikskólanum Þorlákshöfn 12.12.2016

Gítarleikur í bókasafni Hveragerðis 6.12.2016

Gítarleikur Kvenfélag Selfoss 13.12.2016

Gítarleikur Sólvöllum 15.12.2016

Ás Hveragerði 16.12.2016

Foss og Ljósheimar 18.05.2017

*Próf – fjöldi áfangaprófa / meðaleinkunn:*  
4 tóku grunnpróf í gítardeild 2017  
1 tók miðpróf í gítardeild 2017

*Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs:*  
Gera heimsóknir í Ljós- og Fossheima að föstum lið í skólastarfinu.

*Annað:*  
Halda áfram að efla tengsl og samvinnu á milli deilda skólans. Samvinna er það sem skilar mestum árangri.

---

## **Kammerdeild**

### **Skýrsla maí 2017**

*Deildarstjóri:* Margrét S. Stefánsdóttir

*Hljómsveitir / samspilshópar (fastir og tilfallandi)*  
Yngri og eldri strengjasveit, blokkflautuhópur, gítarhópur, rytmaband, lúðrasveit, Hveraband, sönghópur, söngfluglar.

*Tónleikahald deildar:*  
Hver og einn hljóðfærahópur með sína tónleika. Haust og vor.  
Tónleikar á degi tónlistarskólanna þar sem samspilshópar komu fram.  
Óperan Gilitrutt eftir Þórunni Guðmundsdóttir flutt í Listasafni Árnesinga og Selfoskirkju.  
Þar komu fram nemendur söngdeildar ásamt eldri strengjasveit og lengra komnum blásanemendum.

*Tónleikaferðalög og heimsóknir:*  
Farið í heimsóknir út í samfélagið með hina ýmsu hljóðfærahópa í desember og á vorönn.  
Óperan Gilitrutt flutt í Listasafni Árnesinga einnig kom Hveraband þar fram ásamt söngvurum.

*Nýjungar á skólaárinu (kennsluhættir, kennslubækur, kennslugögn) og mat á þeim:*  
Áframhaldandi samvinna milli deilda í sameiginlegu verkefni sem stór hópur nemenda skólans kom að á einn eða annan hátt.

Nemendur fengu mikla reynslu í að takast á við krefjandi verkefni. Skilaði orku og gleði inn í skólastarfið.

*Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs:*  
Samvinna/samstarf milli deilda. Nota þema vetrarins eins og gert var á liðnu skólaári og víkka það út sem mest. Samstarf eflir skólastarfið.

